

PAPPÍRSVERKSMÍÐJA VIÐ HELLISHEIÐARVIRKJUN, SVEITARFÉLAGINU ÖLFUSI

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að pappírsverksmiðja við Hellsheiðarvirkjun í Sveitarfélaginu Ölfusi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmda- og byggingarleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Umhverfisstofnunar fyrir pappírsframleiðslu samkvæmt reglugerð nr. 785 /1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmda- og byggingarleyfi er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt breyting á deiliskipulagi Hellsheiðarvirkjunar og er deiliskipulagsbreytingin háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Þá þarf sveitarstjórn að kanna hvort fyrirhuguð iðnaðarnotkun samræmist skilgreiningu í gildandi aðalskipulagi um iðnaðarsvæði til jarðhitavinnslu.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 12. janúar 2009.

10. desember 2008

INNGANGUR

Þann 23. október 2008 tilkynnti Icelandic Paper ehf. pappírverksmiðju við Hellisheiðarvirkjun í Sveitafélaginu Ölfusi til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 8a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Ölfuss, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Orkuveitu Reykjavíkur og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi dags. 20. nóvember 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 11. nóvember 2008, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 28. október 2008, Orkuveitu Reykjavíkur með bréfi dags. 11. nóvember 2008 og Umhverfisstofnun með bréfum dags. 14. nóvember og 4. desember 2008. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 31. október og 18. nóvember 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Um er að ræða pappírverksmiðju þar sem unnar verða pappír safurdir úr innfluttum pappírsmassa bæði til útflutnings og notkunar innanlands. Fram kemur að fyrirhuguð verksmiðja verði staðsett norðan stöðvarhúss Hellisheiðarvirkjunar og suðvestan við tengivirki Landsnets, á fyrirhuguðu niðurrennsliðsvæði virkjunarinnar. Byggingin verði um 7500 m² að grunnfleti og sé gert ráð fyrir að hæstu einingar hennar verði um 12-13 metra háar. Gert sé ráð fyrir að heildarsvæði sem fari undir framkvæmdir verði um 12.000 m². Fram kemur að staðsetning verksmiðjunnar í nágrenni Hellisheiðarvirkjunar geri mögulegt að nýta heitt skiljuvatn og gufu frá virkjuninni til upphitunar og framleiðslu þurrklofts, sem séu nauðsynlegt í framleiðsluferlið. Á þennan hátt skapist möguleiki á að nýta hátt hlutfall af varmaorku gufu í ferlinu, orku sem þyrfti annars að framleiða að umtalsverðum hluta með brennslu óendurnýjanlegs eldsneytis. Fram kemur að í framleiðsluferlinu verði notað um 1% (um 600 m³) af því skiljuvatni sem verði leitt frá Hellisheiðarvirkjun í niðurrennslisholur og um 1% (um 10 t/klst) af gufu frá virkjuninni. Gufunni verði veitt að verksmiðjunni um yfirborðslögn, sem verði um 20 cm að þvermáli, frá fyrirhuguðum vélasal fyrir vélar 5 og 6, vestan Hamragils. Gert sé ráð fyrir að lagður verði um 300 m langur og 6,5 m breiður vegur að framkvæmdasvæðinu frá Hamragilsvegi og að alls muni þurfa um 15.000 m³ að efni sem komi úr opnum námum í nágrenninu.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framleiðsluferlið felist í meginatriðum í því að pappírsmassi, um 92 tonn á sólarhring, verði losaður upp og hræður saman við vatn í sérstökum blöndurum. Síðan verði hjálparefnum bætt út í en þau efni hafi það hlutverk að þétta og styrkja pappírstrefjarnar og að kalla fram æskilega eiginleika pappírsmassans. Pappírsdeigið verði svo þurrkað með tilstilli heits lofts og heits snertiflatar þurrktromlu. Úr þessu verði til samfelld pappírsmassa eða pappírsstrangar sem sé lokaafurð. Fram kemur að eftir síun og fleytihreinsun verði föstum úrgangi, sem verði um 500 tonn á ári, safnað saman í þar til gerðan geymi og fluttur reglubundið á viðurkenndan móttökustað til endurnýtingar.

Áhrif á vatn. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að um 90 m³ af vatni verði leiddir frá verksmiðjunni á sólarhring. Fyrst fari vatnið í hreinsistöð þar sem bestu fánlegri

tækni, skv. leiðbeiningum Evrópusambandsins fyrir pappírsiðnað, verði beitt til þess að lágmarka það magn efna sem skolist með vatninu eftir hreinsun. Fram kemur að hreinsikerfið innihaldi tvö megin hreinsunarþrep og sé hreinsihlutfall yfir 97 % fyrir svifagnir og um 85 % fyrir BOD og COD. Fram kemur að til þess að tryggja enn frekari hreinsivirkni eftir hreinsun verði umframvatn leitt í sérstaka settjörn þar sem frekara niðurbrot og felling eigi sér stað. Gert sé ráð fyrir að tjörnin rúmi vinnsluvatn a.m.k. 25 sólarhringa og verði um 2.000 m² að flatarmáli og um 1,5 m að dýpt. Fram kemur að öll hjálparefni, sem notuð verði í framleiðsluferlinu, séu af lífrænum uppruna og að verulegum hluta niðurbrotanleg og ekki talin þrávirk. Samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda hjálparefnanna muni hverfandi lítið magn af hjálparefnasamböndum finnast í frárennslis sem leitt verði til hreinsistöðvar og þaðan í settjörnina, meirihluti efnanna verði eftir í pappírsafurðum verksmiðjunnar. Lendi eitthvað af efnasamböndunum í frárennslis muni þau ásogast fastefni og svifögnum og falla með þeim til botns í settjörnninni. Þar sem taftími er um 25 sólarhringar í tjörnninni séu yfirgnæfandi líkur á að efnin brotni niður löngu áður en þau nái að yfirfalli tjarnarinnar. Fyrirhugað sé síðan að leiða vatnið frá settjörn í leysingafarveg sem liggja að votlendissvæði norðan framkvæmdasvæðis. Bent er á að ofangreint fyrirkomulag hreinsunar uppfylli ákvæði um ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa hreinsun og endurnýtingu frárennslis sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Áhrif á loft. Fram kemur að um 3-5 tonn á ári af pappírstrefjum (sellulósa) muni fara út í andrúmsloftið með útblæstri í forni fínna rykagna. Trefjarnar brotni auðveldlega niður í náttúrunni, enda um að ræða lífrænt trjáefni.

Áhrif á aðra umhverfisþætti. Fram kemur að þekktar menningarminjar séu nærri fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Talið sé að ef aðgát verði höfð við framkvæmdina muni hún ekki hafa áhrif á menningarminjar. Haft verður samráð við Fornleifavernd ríkisins vegna framkvæmda. Fram kemur að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé þakið framburði og muni framkvæmdir ekki raska jarðmyndunum sem njóti verndar samkvæmt lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Í heildina muni u.þ.b. 12.000 m² af grasi grónu svæði fara undir byggingu og athafnasvæði en talið sé að framkvæmdin hafi lítil áhrif á gróður umhverfis athafnasvæðið. Fram kemur að verksmiðju-byggingin muni verða sýnileg frá Suðurlandsvegi og fyrirhuguð settjörn muni breyta ásýnd svæðisins. Við hönnun verksmiðjunnar verði leitast við að samræma útlit hennar að mannvirkjum Hellisheiðarvirkjunar.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé innan virkjunarsvæðis Hellisheiðarvirkjunar samkvæmt gildandi Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014. Virkjanasvæðið sé skilgreint sem iðnaðarsvæði til jarðhitavinnslu í skipulaginu. Þá sé framkvæmdasvæðið innan afmörkunar gildandi deiliskipulags fyrir Hellisheiðarvirkjun. Gera þurfi breytingar á gildandi deiliskipulagi vegna fyrirhugaðrar verksmiðju.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur í umsögnum Sveitarfélagsins Ölfuss, Fornleifaverndar ríkisins Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Orkuveitu Reykjavíkur það álit að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Í umsögn

Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd muni ekki hafa verulega neikvæð umhverfisáhrif.

Áhrif á vatn. Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að frárennsli frá settjörn fari inn á vatnsverndarsvæði, fjarsvæði III, skv. Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss. Fram kemur að sýna þurfi fram á að frárennsli frá settjörn hafi ekki neikvæð áhrif á vatnsverndarsvæðið. Umhverfisstofnun vill einnig taka fram að mýrar og flóar sem eru þrjú hektarar eða stærri njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er samkvæmt 37. grein laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir hönnun og uppbyggingu settjarnar bæði vegna þess að á svæðinu er lekt hraun og afrennsli frá tjörninni fer inn á vatnsverndarsvæði. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er bent á að gera þurfi grein fyrir botnþéttingu settjarnar og mögulegri förgun umframvatns án þess að það hafi áhrif á umrætt votlendissvæði.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að á þessu stigi liggi ekki fyrir hönnun á botnþéttingu settjarnar. Horft sé til þekktra lausna sem byggja á notkun jarðvegsdúks úr gerviefni sem sé felldur að formi og lögun tjarnarinnar. Lausnir, byggðar á þessari tækni, séu algengar við gerð jarðvegsþróa og vatnssöfnunarkerfa af ýmsum toga. Fram kemur að langur taftími (25 dagar) í settjörn stuðli að mjög háu niðurbrotshlutfalli uppleystra trjákvoðuagna og tryggi með fullnægjandi hætti að vatnsgæði vatns frá settjörn verði samkvæmt skilyrðum reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns. Þá er bent á að niðurbrot lífrænna efna, sem kunnir að finnast í frárennsli settjarnar, haldi áfram og verði jafnvel virkara þegar það dreifist og þynnist í votlendi sem hafi meiri lífefnavirkni heldur en sé til staðar í settjörninni sjálfri. Ennfremur bendir framkvæmdaraðili á að um er að ræða mjög lítið vatnsmagn, einungis um 1 l/s sem hugsanlega minnki enn frekar. Áhrif á votlendissvæði eigi að öðru leyti ekki að verða neikvæð.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ýtarlegri upplýsingar liggi nú fyrir frá framkvæmdaraðila um frágang settjarnar. Umhverfisstofnun bendir á að viðkomandi starfsemi er starfsleyfisskyld og að eðlilegt að í starfsleyfi verði settar kröfur um hreinsun tjarnar, vöktun á efnainnihaldi vatns er streymi frá tjörninni sem og viðbrögð ef með þurfi.

Áhrif á loft. Umhverfisstofnun bendir á að gera þurfi betur grein fyrir niðurbroti rykagna í útblæstri við þær aðstæður sem eru á staðnum. Einnig þyrfti að koma fram hvort svokölluð bindiefni og hleypir, sem flokkast sem efni sem séu hættuleg umhverfinu, fari í útblástur og ef svo er í hve miklu magni.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að hvorki bindiefni né hleypir muni berast frá fyrirhugaðri verksmiðju með útblæstri. Bent er á að frá verksmiðjunni berist svipað magn af trjásþónum, sagarsþónum og trjáryki út í umhverfið og frá sæmilega stóru trésmíðaverkstæði þar sem fram fari niðursögun timburs í nokkrum mæli. Framkvæmdaraðili telur ekki að þær sellulósaagnir sem óhjákvæmilega komast í gegnum síur hafi neikvæð áhrif á umhverfi á nokkurn hátt (12 kg á dag) því þær dreifist með loftstraumi og umbreytist auðveldlega í næringarefni og jarðveg.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að í starfsleyfi verði settar kröfur um að fylgst verði með niðurbroti trefja sem berist út í umhverfið með útblæstri.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða byggingu um 7500 m² pappírsværksmiðju norðan stöðvarhúss Hellisheiðarvirkjunar á fyrirhuguðu niðurrennsliðsvæði virkjunarinnar, lagningu um 20 cm sverrar yfirborðslagnar, um 300 m vegslóða og gerð um 2000 m² settjarnar. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 8a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrir liggur að fastur úrgangur, sem fellur til við framleiðsluferlið, verður fluttur reglubundið á viðurkenndan móttökustað til endurnýtingar. Þá liggur fyrir að um 3-5 tonn af lífrænum pappírstrefjum, sem brotna niður í náttúrunni, muni fara út í andrúmsloftið á ári með útblæstri í formi fínna rykagna. Skipulagsstofnun telur ekki líklegt, með hliðsjón því að um er að ræða lífrænar trefjar, sem skv. framlögðum gögnum framkvæmdaraðila brotna auðveldlega niður í náttúrunni, að útblástur frá verksmiðjunni komi til með að hafa neikvæð áhrif á loftgæði í nágrenni verksmiðjunnar. Umhverfisstofnun hefur bent á í umsögn sinni að í starfsleyfi verða settar kröfur um að fylgst verði með niðurbroti trefja sem berast út í umhverfið með útblæstri.

Fyrir liggur að gert er ráð fyrir að um 90 m³ af vatni á sólarhring verði leiddir í settjörn eftir hreinsun í hreinsikerfi verksmiðjunnar. Reiknað er með að taftími vatnsins í tjörninni verði um 25 sólarhringar áður en það berst út í votlendissvæði norðan framkvæmdasvæðisins. Skipulagsstofnun telur að samkvæmt upplýsingum í framlögðum gögnum og áliti sem fram kemur í frekari umsögn Umhverfisstofnunar, sé ekki líklegt að efni í vatni, sem leitt verður frá verksmiðjunni, komi til með að hafa neikvæð áhrif á yfirborðs- eða grunnvatn í grennd við framkvæmdasvæðið. Skipulagsstofnun telur ljóst að í því sambandi þurfi að tryggja að gæði vatnsins, sem berst frá settjörninni, verði í samræmi við þau skilyrði sem sett eru í reglugerð um varnir gegn mengun vatns. Eins og Umhverfisstofnun hefur bent á í umsögn sinni þá verða settar kröfur í starfsleyfi um hreinsun settjarnar, vöktun á efnainnihaldi vatns sem streymir frá tjörninni, auk ákvæða um viðbrögð ef með þarf.

Skipulagsstofnun telur ljóst að fyrirhuguð pappírsværksmiðja muni enn auka á manngerða ásynd svæðisins við Kolviðarhól. Stofnunin telur þó að vart sé hægt að líta svo á að verksmiðjan komi til með að hafa verulega neikvæðar ásyndarbreytingar í för með sér eða mikil sjónræn áhrif ef litið er til þeirra mannvirkja Hellisheiðarvirkjunar sem eru nú þegar á svæðinu eða fyrirhugað er að reisa þar. Verksmiðjan mun raska nokkuð umfangsmiklu gróðursvæði, að mestu grasi grónu en ekki eru líkur á að fornleifar verði fyrir raski. Skipulagsstofnun leggur þó áherslu á að samráð verði haft við Fornleifavernd ríkisins um hvernig staðið verði að verki, til að koma í veg fyrir að þekktar fornleifar, í grennd við framkvæmdarsvæðið, verði fyrir hnjaski.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að pappírsværksmiðja við Hellisheiðarvirkjun í Sveitarfélaginu Ölfusi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmda- og byggingarleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Umhverfisstofnunar fyrir pappírsframleiðslu samkvæmt reglugerð nr. 785 /1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmda- og byggingarleyfi er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt breyting á deiliskipulagi Hellsheiðarvirkjunar og er deiliskipulagsbreytingin háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Þá þarf sveitarstjórn að kanna hvort fyrirhuguð iðnaðarnotkun samræmist skilgreiningu í gildandi aðalskipulagi um iðnaðarsvæði til jarðhitavinnslu.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 12. janúar 2009.

